



Alexander Adam Kuc varð Íslandsmeistari í MX1 flokki og Eric Máni Guðmundsson í MX2 flokki. Mynd: UMFS.

Alexander og Eric Máni Íslandsmeistarar

Sjötta og jafnframt síðasta Sumferð Íslandsmeistarans í motocross fór fram í Motomos þann 30. ágúst. Rúmlega 70 keppendur voru skráðir til leiks sem var metþátttaka þetta sumarið.

Að þessu sinni átti UMFS fjóra keppendur. Alexander Adam Kuc sigraði flokkinn MX1 og Eric Máni Guðmundsson sigraði flokkinn MX2. Ásta Petrea Hannesdóttir var að taka þátt í sinni fyrstu keppni þetta sumarið, þar sem hún sigraði kvennaflokkinn og Sindri Steinn Axelsson varð í fimmta sæti í flokknum MX2.

Glæsilegur árangur keppenda

UMFS þar sem þeir Alexander Adam Kuc og Eric Máni Guðmundsson tryggðu sér Íslandsmeistaratitla í sterkustu flokkunum á Íslandsmótinu.

En þess má geta að þetta er annar Íslandsmeistaratitillinn hjá Alexander Adam og fimmti Íslandsmeistaratitillinn hjá Eric Máni.

UMFS



Rúmlega 70 keppendur voru skráðir til leiks. Mynd: UMFS.

Ný bráðalyflækninga- deild opnuð á HSU

Um miðjan ágúst opnaði ný deild á Selfossi undir heitinu Bráðalyflækningadeild (BLD). Deildin er 8 rúma gæsludeild staðsett við bráðamóttöku Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og er ætluð sjúklingum með bráðan heilsuvanda sem að mestu fellur undir lyflækningar og tengdar undirsérgreinar.

Deildin tekur á móti sjúklingum frá bráðamóttöku (BMT) sem þurfa heilbrigðisþjónustu sem ekki er veitt á bráðamóttökunni og líklegt er að taki lengri tíma en 24 klukkustundir. Mikilvægt er að sjúklingar sem innlagðir eru á BLD falli innan þeirrar sérhæfingar og þjónustustigs sem HSU getur veitt.

Samvinna og sérnámsþjálfun

Á bráðalyflækningadeild starfar eitt læknameymi, sem samanstendur af einum sérfræðilækni og einum unglækni, almennt sérnámsgrunnslækni. „Læknamönnunin kemur frá lyflækningadeild á dagvakt og samanstendur af einum námslækni í sérnámsgrunni og einum sérfræðingi. Utan dagvinnu sinna lækna bráðamóttökunnardeildinni. Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar sinna sjúklingum á BLD ásamt öðrum sjúklingum á bráðamóttökunni. Þá vil ég einnig nefna mikilvægi aðkomu sjúkrapjálfa og iðjupjálfa til að stytta legutíma og koma fólki fyrir á fætur,“ segir Helgi Hafsteinn Helgason, yfirlæknir lyflækna.

Opnun deildarinnar er samvinnuverkefni margra og endurspeglar þétt samstarf starfsfólks HSU.

Endurbætur á bráðamóttöku og nýr búnaður

Í febrúar hófust umfangsmiklar endurbætur á bráðamóttöku HSU á Selfossi með það að markmiði að bæta aðstöðu, auka öryggi og efla þjónustu.

Stofnunin hefur jafnframt fjárfest í nýjum búnaði fyrir deildina, þar á meðal hraðveiruleitavél. „Hingað til hafa sýni verið send til Reykjavíkur og niðurstöður tekið 24–36 klukkustundir, en með nýja tækinu liggja niðurstöður fyrir innan 3 klukkustunda. Með nýja tækinu er þá hægt að ljúka einangrun hjá þeim sem ekki þurfa slíka fyrr en ella,“ segir Helgi Hafsteinn.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands óskar öllum þeim sem unnið hafa að opnun deildarinnar innilega til hamingju með áfangann.

HSU



Vélin mun nýtast vel til að bæði styrkja faglegt starf og tryggja öryggi sjúklinga. Mynd: HSU.

**Fáðu
fagmann
í verkið**



Framúrskarandi
fyrirtæki 2020-2025



**PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



**Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir**



Gagnheiði 26, Selfoss ■ 480 3300 ■ www.trs.is

Viltu vinna með okkur í snjómokstri á Hellisheiði næsta vetur?

Leitum að meiraprófsbílstjórum sem búa á Selfossi eða nágrenni.

Hafðu samband við Óskatak ehf netfang oskatak@oskatak.is eða s: 662-8020.

Óskatak ehf



Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Samkvæmt 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt eftirfarandi skipulagslýsing aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulags:

Fossnes - lðnaðarlóð - Aðalskipulagsbreyting og deiliskipulag

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti þann 3.9.2025 skipulagslýsingu sem tekur til breytingar á Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036 ásamt nýju deiliskipulagi fyrir lðnaðarlóð í landi Fossness. Skipulagssvæðið nær til um 10,6 ha svæðis sem nær yfir tvær lóðir Sláturfélags Suðurlands. Annars vegar er um að ræða lóð sláturhússins, sem er 9,6 ha að stærð og hins vegar lóð Bjargs, sem er um 1 ha að stærð. Innan skipulagssvæðis er að finna verslunar- og þjónustureit (VP5), lðnaðarsvæði (I2) og opið svæði (OP1) sem er útivistarsvæði meðfram Ölfusá en nær inn á báðar lóðir Sláturfélagsins. Í fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu er gert ráð fyrir breytingu á landnotkun. Fyrirhugað er að byggja nýja afurðarstöð vestan og norðan við núverandi sláturhús. Gert er ráð fyrir að stækkunin geti orðið allt að 6.000 m², þar sem 2000-2500 m² verða byggðir í fyrsta áfanga. Á lóð Bjargs eru núverandi starfsmannahús og er gert ráð fyrir fjölgun þeirra. Núverandi aðkoma að báðum lóðum er frá Suðurlandsvegi en í tengslum við nýja afurðastöð er lagt til að aðkoma að lóð sláturhússins verði frá Nesmýri og núverandi aðkoma frá Suðurlandsvegi verði lögð af. Í deiliskipulagi verður auk byggingaráforma gerð grein fyrir hreinsun og hreinsibúnaði frá afurðastöð og nýju hreinsivirkni.

Ofangreind skipulagslýsing liggur frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is og á www.skipulagsgatt.is

Skipulagstillagan er í kynningu frá 11. september 2025, til og með 3. október 2025.

Athugasemdom og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdom og ábendingum skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67 á Selfossi, eða með tölvupósti á netfangið skipulag@arborg.is. Frestur til að skila inn athugasemdom er til og með 25. júlí 2025.

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,
Vigfús Þór Hróbjartsson
skipulagsfulltrúi

Karлакór Hveragerðis er með þeim hressari Ítalíuferð, Sinfó, menningarverðlaun Hveragerðisbæjar, skemmtanir, tónleikar, nýir félagar og fleira og fleira

Hinn ungi Karлакór Hveragerðis, sem hefur starfað frá hausti 2016, hefur getið sér gott orð fyrir einstaka glaðværd og skemmtilega framkomu á undanförunum árum. Kórinn leggur jafnframt mikinn metnað að sjálfsöðu í vandaðan söng og vill gera vel þar og hefur kórinn á að skipa þrjátíu og sjö hæfileikaríkum söngfélögum, hver öðrum skemmtilegri. Í röðum kórmanna má einnig finna frábæra einsöngvara.

Tvær utanlandsferðir og eiginhandaáritanir

Kórinn hefur farið í tvær utanlandsferðir, nú síðast fyrir tæpu ári síðan en þá var haldið til Ischia og Napoli á Ítalíu, auk þess var hin margrómaða Capri-eyja heimsótt. Haldnir voru tónleikar á eyjunni Ischia í dásamlegri kapólskirkju þar sem hljómurður er einstaklega góður. Skemmst er frá því að segja að kórinn sló algjörlega í gegn og ekki síst okkar skærasta stjarna, Arnar Gísli Sæmundsson. Þurftum við að gefa eiginhandaáritanir að tónleikum loknum og teknar myndir af okkur í bak og fyrir ásamt okkar ítölsku aðdáendum. Við tókum þessum góðu móttöku af einstakri hógværd og háttvísi eins og okkur er von og vísa. En gaman er þó að segja frá því að við virðumst vera mun þekktari og frægari á Ítalíu en nokkurn tíma hér heima, því einhverjir aðdáendur okkar frá Ítalíu komu við á upplýsingamiðstöð Suðurlands á ferð sinni um Ísland og ákváðu að leita að okkur en þar á bæ hafði enginn heyrt á kórinn minnst. Þessi ferð kórsins til Ítalíu var alveg dásamleg í alla staði og afar vel skipulögð af Eldhúsferðum en auk þeirra var okkur einnig innan handar Kolbrún Dögg Eggertsdóttir, ættuð frá Selfossi, en hún er einmitt búsett á Ischia og er þar öllum hnúttum kunnug.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Kórinn hefur allt frá upphafi verið duglegur við að koma

fram á alls konar skemmtunum, fjölmörgum tónleikum bæði þá einir og sér og eins með öðrum listamönnum og kórum. Haldið vortónleika, sem og hausttónleika og farið í alls kyns ferðir hér innanlands sem og utan.

Gaman var t.d. að syngja og taka þátt í tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands ásamt fleiri kórum á Suðurlandi, sem haldnir voru á Selfossi í maí síðastliðnum. Auk þess fór kórinn til Vestmannaeyja í beinu framhaldi og söng þar á vortónleikum Karлакórs Vestmannaeyja. Einnig var sungið á skemmtilegum tónleikum með Kór Guðríðarkirkju á vormánuðum í þeirra fallegu kirkju. Karлакór Hveragerðis mun halda hausttónleika þann 18. október næstkomandi í Hveragerðiskirkju klukkan 16:00, ásamt góðum gesti, sem verður sagt frá síðar hver er.

Menningarverðlaun Hveragerðisbæjar 2025

Hveragerðisbær og íbúar bæjarins hafa ávallt tekið okkur opnum örmum allt frá stofnun kórsins og sýndu það í verki svo um munaði núna þann 17. júní síðastliðinn með því að veita kórnum menningarverðlaun Hveragerðisbæjar fyrir árið 2025. Eru við kórfélagar ævinlega þakklátir fyrir þann heiður og slíkt er mikil hvatning á okkar vegferð. Það er mikill

hugur í kórmönnum og mikil sigling á kórnum og viljum við endilega að kórinn stækki og dafni sem mest og best á komandi árum og árum. Því hvetjum við alla lagvissa og glaðværa menn til að ganga til liðs við okkur. Helst getum við bætt við í II tenor og I bassa en auðvitað eru allir góðir söngmenn ávallt velkomnir sama í hvaða rödd þeir eru staðsettir. Félagskapurinn er léttur og skemmtilegur og hafa myndast einstök og góð vináttubönd meðal okkar kórmanna og maka þeirra og getum við því heilshugar mælt með þessum félagsskap. Margt skemmtilegt er fram undan sem og endranær. Lagaval er fjölbreytt og skemmtilegt og máttulega krefjandi. Áhugasamir geta sett sig í samband við Örlýg Atla, stjórnanda kórsins, í gegnum netfangið orlyguratli@simnet.is eða haft samband við formann kórsins, Sigurð Birgi í gegnum netfangið siggisaem@gmail.com. Örlýgur er líka með símanúmerið 834 3677 og Sigurður er með 862 7626.

Eins má mæta beint á fyrstu æfingu haustsins miðviku-daginn 10. september klukkan 19:00 í raddþrúfur í Þorláksetri, en það er salur eldri borgara, önnur hæð fyrir ofan heilsugæsluna í Hveragerði.

Stjórn Karлакórs Hveragerðis



Félagar í Karлакór Hveragerðis, sem hafa vakið mikla athygli fyrir léttleika og skemmtilegan söng. Stjórnandi og undirleikari kórsins er Örlýgur Atli Guðmundsson.

Viðauki vegna 50 ára afmælisgreinar JC Selfoss

Í síðustu dagskrá var fjallað um 50 ára afmæli JC Selfoss sem haldið verður upp á laugardaginn 20. sept. nk. í Hótel Selfoss. Þar kom fram hverjir hefðu verið í landsstjórn frá JC Selfoss, Við nánari skoðun kemur í ljós að á listann vantaði tvö nöfn, þ.e. Sölva Björn Hilmarsson sem var kosinn varalandsforseti árið 2000 og Ara Blöndal Eggertsson sem var kosinn landsritari árið 1986, landsgjaldkeri árið 1987 og varalandsforseti árið 1988. Beðist

er velvirðingar. Á myndinni er fyrsta stjórn JC Selfoss árið 1975, f.v. Örn Grétarsson, Ingvi

Rafn Sigurðsson, Þorsteinn S. Ásmundsson, Haukur Gíslason og Valdimar Bragason.



Ólympíuhlaup ÍSÍ 2025 formlega sett í Víkurskóla

Ólympíuhlaup ÍSÍ var formlega sett í gær í Víkurskóla í Vík í Mýrdal. Grunnskólar um allt land geta staðið fyrir Ólympíuhlaupi ÍSÍ og skráð þátttakendur á heimasíðu ÍSÍ. Allir skólar sem skrá þátttöku komast í pott um útdráttarverðlaun þar sem hægt er að vinna 150.000 kr. gjafabréf frá Altis.

Víkurskóli telur aðeins 66 nemendur og er fámennasti grunnskólinn til þessa sem hefur fengið það hlutverk að setja hlaupið með formlegum hætti. Þar sem Víkurskóli er Heilsueflandi grunnskóli voru yngsti og elsti nemandi skólans, Bergrós Anna og Óliver Ísar, fengin til að draga fána Heilsueflandi

grunnskóla að húni og að athöfn lokinni afhenti Ragnhildur Skúladóttir, sviðsstjóri Fræðslu- og almenningisþróttasviðs hjá ÍSÍ, skólanum ýmis leiktæki, svo sem bolta og sippubönd, til að nýta í frímínútum og í íþróttum.

Víkurskóli hafði undirbúið glæsilega hlaupabraut í stórbrotnu landslagi þar sem nemendur gátu valið á milli þess að hlaupa 2,5 km, 5 km eða 10 km leið. Níu nemendur völdu að hlaupa 10 km, sem er met í skólanum, og fengu þeir nemendur aðstoð lögreglu sem lokaði þjóðveginum tímabundið til að tryggja öryggi hlaupara. Viðburðurinn fór fram í stilltu og

hlýju veðri og tóku samtals 63 nemendur þátt.

Blossi, lukkudýr ÍSÍ, tók þátt í upphitun, ræsti hlaupið og tók á móti nemendum í markinu. Að hlaupi loknu fengu allir þátttakendur kókómjólk frá MS.

Meðal gesta var Einar Freyr Elínarson, sveitarstjóri Mýrdalshrepps, sem fylgdist með setningunni. Eftir hlaupið hélt Birgir Sverrisson, framkvæmdastjóri Lyfjaeftirlits Íslands, fræðslu fyrir nemendur í 8.–10. bekk um orkudrykki, samfélagsmiðla og líkamsímynd.

Ólympíuhlaup ÍSÍ er styrkt af Íþróttaviku Evrópu - European week of sport (European Commission)



Réttir á Suðurlandi

Fjár- og stóðréttir eru að an má sjá lista yfir tímasetningar byrja um land allt um þessar á auglýstum réttum sem fram- undan eru í landshlutanum. þeim á Suðurlandi. Hér að neð-

- Brúsastaðarétt** í Þingvallasveit, Árn. – 14. september
- Heiðarbæjarrétt** í Þingvallasveit, Árn – 13. september
- Laugarvatnsrétt**, Árn. – Ekki auglýst dagsetning
- Tungnaréttir** í Biskupstungum – 13. september
- Hrunaréttir** í Hrunamannahreppi, Árn – 12. september
- Austur-Landeyjaréttir** hjá Grenstanga, Rang. – 21. september
- Fljótshlíðarrétt** í Fljótshlíð, Rang. – 13.-14. september
- Seljalandsréttir** undir Eyjafjöllum, Rang. – 13. september
- Vestur-Landeyjaréttir** við Forsæti, Rang. – 13. september og 4. október
- Landréttir** við Áfangagil, Rang. – 18. september
- Reyðarvatnsréttir** á Rangárvöllum – 20. september
- Reykjaréttir** á Skeiðum, Árn. – 13. september
- Selvogsréttir** við Hlíðarvatn, Ölfusi – 21. september kl. 9
- Skaftholtsréttir** í Gnúpverjahreppi, Árn – 12. september
- Suðureyjarleittir** – 20. september
- Ölfusrétt** í Reykjadal, Ölfusi – 14. september kl. 14
- Húsmúlaréttir** við Kolaviðarhól, Ölfusi – 13. september kl. 13



VERKEFNISSTJÓRI ÖRYGGIS OG HEILSU

Ert þú ótrúlega örugg týpa?

Við leitum að framsýnum verkefnisstjóra til að leiða öfluga heilsu- og öryggis- menningu á Þjórsársvæði. Verkefnisstjóri öryggis og heilsu vinnur þétt með starfsfólki svæðisins, öryggisstjórum og öðrum ábyrgðaraðilum í fyrirtækinu. Starfið tilheyrir sviði vatnsafls og starfsstöð er í Búrfelli.

Helstu verkefni:

- Eftirfylgni með öryggismálum og úrvinnslu atvika og ábendinga.
- Umsjón með útgáfu verkleyfa og gerð áhættumats starfsfólks og verktaka.
- Umsjón með neyðar- og viðbragðsáætlunum Þjórsársvæðis.
- Samskipti og samstarf við ytri hagsmuna- og eftirlitsaðila er varðar málaflokkinn
- Leiðir og skipuleggur þjálfun starfsfólks og verktaka varðandi öryggismál.

Hæfni og þekking:

- Háskóla- eða iðnmenntun sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af sambærilegum störfum.
- Reynsla af verkefnisstjórnun og teymisvinnu.
- Hæfni til að tjá sig og miðla þekkingu.
- Afburða samskiptafærni og jákvætt viðmót.

Umsóknarfrestur er til og með 21. september

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar landsvirkjun.is/storf



Vinnustofa í gervigreind og nýsköpun

Háskólafélag Suðurlands kynnis vinnustofu í gervigreind og nýsköpun sem styrkt er af Lóunni og er þátttakend-um að kostnaðarlausu.

Gervigreind og nýsköpun eru meðal helstu drifkrafta samfélagsins í dag. Ný tækni og skapandi hugsun breyta ekki aðeins því hvernig við vinnum, heldur einnig hvernig við hugsum, leysum vandamál og byggjum upp framtíðina. Á næstu árum mun gervigreind hafa áhrif á allt frá daglegum störfum til stórra ákvarðana í atvinnulífi og stjórnsýslu – og því skiptir máli að við séum tilbúin að tileinka okkur þekkingu og færni á þessu sviði.

Samtök þekkingasetra, KPMG og Iceland Innovation Week hafa sameinast um hringferð um landið með stuðningi úr nýsköpunarsjóðnum Lóunni. Markmiðið er að efla nýsköpun

og starfræna hæfni á landsbyggðinni og bjóða upp á lifandi fræðslu og hagnýta þekkingu fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Fyrsta stopp er hjá Háskólafélagi Suðurlands á Selfossi þann 24. september.

KPMG mun leiða vinnustofur um hagnýtingu gervigreindar í atvinnulífinu, þar sem lögð verður áhersla á hvernig einstaklingar og fyrirtæki geta nýtt sér þessa tækni til að bæta samkeppnishæfni, skilvirkni og verðmætasköpun. Iceland Innovation Week mun sjá um vinnusmiðjur um nýsköpun, skapandi hugsun og frumkvöðlastarfsemi, með áherslu á þróun nýrra hugmynda og viðskiptaþróun.

Þetta námskeið er kjörið tækifæri fyrir alla sem vilja skilja betur hvaða áhrif gervigreind hefur á samfélagið og



hvernig nýsköpun getur orðið drifkraftur framfara í atvinnulífi og nærumhverfi. Hvort sem þú ert frumkvöðull, starfsmaður eða nemandi færðu hér hagnýta innsýn, ný verkfæri og innblástur til að taka næstu skref.

Kostnaður við þátttöku í námskeiðinu er enginn, en það eru einungis 30 pláss í boði.

Upplýsingar um skráningu er hægt að finna á heimasíðu Háskólafélags Suðurlands, www.hfsu.is



Eplakaka frá ömmu Ingveldi og risarækjuréttur

Ingveldur Guðjónsdóttir er sunnlensku matgæðingur vikunnar.



Ég vil byrja að þakka Jóhönnu Bríet frænku minni fyrir þessa áskorun.

Það er erfitt að koma á eftir henni, hún er snilldarkokkur. Mér finnst mjög gaman að elda og baka kökur, fór snemma í sveit til ömmu minnar og nöfnu og lærði mikið af henni.

Eplakaka frá ömmu minni Ingveldi

- 4 egg
- 200 g sykurl
- 200 g smjör
- 1 tsk. lyftiduft
- 1 tsk. vaillussykur
- 200 g hveiti
- 4 epli
- Vanillussykur

Egg, sykurl og smjör hrært saman. Síðan er bætt úti þurr-efni.

Sett í kökumót og hýði tekið af eplunum og þau skorin niður í skífur kanil sykri stráð yfir og set líka oft möndlur yfir.

Bakað 175°C í ca. 45 mínútur, fer aðeins eftir ofnum. Gott er að bera hana fram heita og hafa þeyttan rjóma með.

Risarækjur uppskrift

- 6 hvítlauskgeirar rifnir niður
- 1 1/2 dl parmesan rifinn niður
- 2 msk. smjör
- 1 msk. ólívuólía
- 500 g risarækjur
- Salt og pipar eftir smekk
- 1 til 1 1/2 dl þurrt hvítvín
- 3 dl rjómi
- 2 msk. fersk steinselja söxuð niður

Hitið olíu á meðalhita á pönnu. Steikið rækjurnar um 1 til 2 mínútur á hvorri hlið og kryddið með salt og pipar. Bræðið smjör á sömu pönnu og steikið hvítlaukinn snögg. Hellið þá hvítvíni á pönnuna og leyfið þessu aðeins að malla. Næst fer rjómi og rifinn parmesan, þetta er aðeins látið malla, þar til sósan fer að þykkna. Kryddið með salt og pipar.

Setið rækjunar út í sósuna ásamt steinselju. Berið fram með hrísgrjónum og ristuðu brauði. Gott að hafa ískalt hvítvín með.

Ég vil skora á dóttir mína Ásdís Elvarsdóttir. Hún er snillingur í eldhúsinu.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Ítrekað bent á hættuna af landrofi við Vík

Vegagerðin og forveri hennar hafa ítrekað liðin ár og áratugi bent á hættuna af ágangi sjávar og landrofi austan skilgreindrar varnarlínu við Vík í Mýrdal. Ekki hefur verið heimilað að byggja þar vegna hættunnar. Það er hlutverk sjóvarna að verja eignir og mannvirki en ekki land og ætíð þarf að meta kostnað við varnir. Hringvegurinn fram hjá Vík er ekki í hættu að mati Vegagerðarinnar.

Áætlaður kostnaður við að verja ströndina austan skilgreindrar varnarlínu við Vík í Mýrdal er að lágmarki milljarður króna. Sú upphæð er hundraðfalt verðmæti fjárhússins sem fór á haf út. Staðsetning varnarlínunnar á sínum tíma tók mið af kostnaði við að verja ströndina og verðmæti þeirra mannvirkja sem þar stóðu. Sveitarfélaginu hefur margoft verið bent á þetta og að ekki sé heimilt að byggja austan varnarlínunnar.

Landeigandi óskaði eftir því við Vegagerðina að færa hús. Það erindi var sent sveitarfélaginu sem hafnaði því að útvega landeigandanum aðra lóð. Sveitarfélagið krafðist þess hins vegar að Vegagerðin myndi verja húsin. Sjóvarnir, til dæmis bygging sandfangara væru gríðarlega kostnaðarsamar auk þess sem ekki væri full-

víst að sandfangari myndi skila þeim árangri sem sóst er eftir. Farið var í viðeigandi bráðabirgðavarnir fyrir framan húsin austan varnarlínunnar.

Hringvegurinn er ekki í hættu en vinna við skilgreiningu á nýrri varnarlínu, til þess að verja Hringveginn, er hafin og verður þá litið til stöðunnar á landrofi til langs tíma og staðsetningar Hringvegarins. Verði varnarlínan færð þarf að huga að því hvernig sjóvörnum verði háttað.

Strandlengjan framan við Vík í Mýrdal er ein sú útsetta í heiminum og hefur allt frá árinu 1971 hopað yfir 400

metra. Upp úr árinu 1990 fóru menn að hafa áhyggjur af rofinu og var í framhaldinu skilgreind varnarlína framan við byggðina. Staðsetning varnarlínunnar var skilgreind miðað við kostnað við gerð sjóvarnar borið saman við kostnað við mannvirki sem verja átti. Því var ákveðið að hún færi ekki lengra en sem nemur því þar sem austustu byggingarnar voru á sínum tíma. Fjárhúsin, sem staðsett eru austan við byggðina, myndu þá á einhverjum tímamarki fara í sjóinn miðað við þá áætlun.

Vegagerðin



Mynd: Vegagerðin.

Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Í grýtta stundum frækorn féll,
fólkið söng um hótél.
Á minni bæði fjall og fell,
á frosna stundum kemur svell.

Svar við gátu í blaði 2818: FÖL
2. lína: (f) öL



Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegis- og þriðjudegi.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Viðmót og framkoma starfsfólks HSU framúrskarandi

Í júlí tók fjármála- og efnahagsráðuneytið ákvörðun um að skipta um þjónustuaðila á þjónustukönnun ríkisstofnana og er hún nú hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Mælaborðin hafa því breyst og gefa stofnuninni enn betra tækifæri til að rýna í niðurstöðurnar með það að markmiði að gera reglugerlar umbætur.

Niðurstöður þjónustukönnunar sem framkvæmd var í júlí og ágúst endurspegla að þjónustuþegar telja viðmót og framkomu starfsfólks framúrskarandi.

Á þessari mynd má sjá heildarárnægju í júlí og ágúst mánuði en samtals 2190 svör bárust frá öllum 10 starfsstöðvum stofnunarinnar.



Fjölmennt á málþingi á Kirkjubæjarklaustri

Þann 28. ágúst sl. var haldið málþing á Kirkjubæjarklaustri undir yfirskriftinni „Falið í sandi og sæ“. Allt að 60 manns sóttu málþingið, góð blanda af heimamönnum og þeim sem lengra komu að. Er þeim öllum þakkað fyrir komuna og ekki síst færum við þeim fjórum fornleifafræðingum sem gáfu sér tíma til að segja frá sínum rannsóknum kærar þakkar.

Eftirtalin erindi voru flutt :

Bjarni F. Einarsson, fornleifafræðingur sem hefur stýrt fornleifarannsókn í Arfabót síðasta áratuginn nefndi sitt erindi „Á kafi í sandi og upp úr honum aftur“. Margt forvitnilegt hefur komið í ljós s.s. að kirkja og kirkjugarður hefur verið í Arfabót, þó ekki hin hefðbundna heldur að öllum líkindum svokölluð heimiliskirkja með takmörkuðum réttindum og skyldum. Áhugavert er að ekki var mikið um gripi að finna svo draga má þá ályktun að íbúar Arfabótar hafi horfið á brott með skipulögðum hætti og tekið með sér allt sitt hafurtask og aldrei snúið aftur. Í sumar fór fram síðasti hluti rannsóknarinnar og telst henni nú lokið.

Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur hefur sérhæft sig í neðansjávarfornminjum og af erindi hans, „Þetta var gott strand“, má sjá að allt í kringum Ísland er að finna neðansjávarminjar, ekki aðeins sokkin skip heldur einnig sokkin búsetu-svæði og t.a.m. hvalstöðvar. Hingað til hafa verið skráðir 1144 skipskaðar víðs vegar í

kringum landið en margt bendir til þess að að minnsta kosti 3000 skip hafi farist við Ísland frá upphafi byggðar í landinu. Vegna aðstæðna við suðurströnd landsins varðveitast skipsflök þar illa vegna brims og annarra umhverfisþátta og er því mikilvægt að staðsetja þau og skrá. Við leit og staðsetningu neðansjávarminja er tæknin nýtt til hins ítrasta s.s. hljóðbylgjutækni og segulmælar sem og mynd- og ljósabúnaður auk þess sem unnið er úr rituðum heimildum.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir, fornleifafræðingur, hefur unnið að rannsókn um náttúruvá af völdum Kötlu í Álftaveri og á Mýrdalssandi undir heitinu „Ógn og undur“. Ítarleg fornleifaskráning var unnin innan rannsóknarsvæðisins og er grundvöllur rannsóknarinnar. Alls er búið að skrá rúmlega 1000 fornleifar innan rannsóknarsvæðisins og ljóst að varðveisla á sumum svæðum er með eindæmum góð. Skv. heimildum hefur Kalta gosið 20 sinnum á sögulegum tíma og höfðu þau mikil áhrif á byggð og nýtingu lands, þ.e. afleiðingar gosanna frekar en gosin sjálf. Það væri áhugavert að sjá hvernig má nýta fornleifaskráningingar til að átta sig á staðhættum og hvaða bæir hafi farið í eyði á hverjum tíma.

Steinunn Kristjánsdóttir, fornleifafræðingur og prófessor við HÍ, sagði í erindi sínu, Nunnurnar frá Kirkjubæ - eftirmæli, frá lífi og störfum nunnanna í Kirkjubæjarklaustri sem rekið var á fjórðu öld og var annað tveggja nunnuklaustura á landinu, hitt var á Reynistað. Í klaustrinu var einkum lögð áhersla á klæðagerð fyrir kirkju og samfélag; karlarnir (munkarnir) skrifuðu en konurnar (nunnurnar) sáu um klæðin. Flest klæðin voru innflutt nema ullin en á einum tímamarki er talið að um 4000 fjár hafi verið á Kirkjubæ svo ekki hefur skort á hráefnið. Hör og lín var einnig notuð í klæði og talið að hörin hafi verið innflutt en línið hafi verið framleitt hér á landi. Rekstur klaustursins var farsæll þrátt fyrir áföll s.s. svarta-

dauða og nutu þær virðingar hjá leikum og lærðum. Þær hurfu af sjónarsviðinu með siðaskiptunum um miðja 16. öld og verk þeirra með.

Við lok hvers fyrirlesturs var opnað á fyrirspurnir og sköpuðust skemmtilegar umræður milli fræðimanna og gesta en tilgangur þess að kalla til málþing sem þetta er ekki aðeins til að uppfæra heldur ekki síst til að gera fornleifarannsóknir aðgengilegar almenningi og skapa samtal á milli fræðimanna og almennings. Teljum við sem að málþinginu stóðu að þeim tilgangi hafi verið náð og gott betur.



Kvöldsamvera í Þorlákskirkju
11. september kl. 20:00

Hátíðarguðsþjónusta
14. september kl. 14:00

Sigurður Ósmann Jónsson safnaðarfulltrúi fjallar um byggingarsögu Þorlákskirkju.

Sr. Kristján Valur Ingólfsson fyrrum vígslubiskup fjallar um tengsl Þorlákshafnar og Skálholts fyrr á tímum.

Meðhjálpari: Ásta Pálmadóttir.

Heitt á könnunni og allir hjartanlega velkomnir. Aðgangur ókeypis.

Frú Guðrún Karls Helgudóttir, biskup Íslands, predikar.

Sr. Sigríður Munda Jónsdóttir þjónar fyrir altari.

Kór Þorlaks- og Hjallasóknar syngur undir stjórn Esterar Ólafsdóttur organista.

Daði Þór Einarsson leikur á básúnu.

Hjörleifur Brynjólfsson og Sigbrúður Harðardóttir lesa ritningarlestra.

Meðhjálpari: Ásta Pálmadóttir.



Tónleikar Kórs Þorlaks- og Hjallasóknar
15. september kl. 20:00

Tónleikar hjá Lúðrasveit Þorlákshafnar
18. september kl. 20:00

Kór Þorlaks- og Hjallasóknar flytur brot af því því besta í gegnum árin, tónlist frá ýmsum tímum sem hefur fylgt kórnum í ólíkum athöfnum.

Stjórnandi er Ester Ólafsdóttir sem einnig er undirleikari.

Allir hjartanlega velkomnir. Aðgangur ókeypis.

Lúðrasveit Þorlákshafnar vendir sínu kvæði í kross og kannar nokkuð nýjar slóðir í efnisvali með einstaklegra hugljúfri og fallegri dagskrá sem nærir bæði líkama og sál.

Stjórnandi er Daði Þór Einarsson.

Allir hjartanlega velkomnir. Aðgangur ókeypis.



Tafir vegna fjárrekstra í Biskupstungum



Föstudaginn 12. september og laugardaginn 13. september má búast við umferðartöfum á eftirtöldum vegum í Biskupstungum vegna fjárrekstra.

Föstudaginn 12. sept

Biskupstungnabraut F35, milli Gullfoss og Geysis frá kl: 11:30 til 13:30.

Skeiða- og Hrunamannavegur F30, við Gýggjarhól milli kl: 14:00 og 15:30.

Einholtsgæsluvegur F358, frá Kjarnholtum að Tungnaréttum frá kl:16:00 fram á kvöld.

Laugardaginn 13. sept

Biskupstungnabraut F35 frá Vatnsleysu að Múla frá kl:13:00 og fram eftir degi.

Einholtsgæsluvegur F358 frá Tungnaréttum að Gýggjarhólskotu frá kl:13:00 og fram eftir degi.

Fjallskilanevnd Biskupstungna.

Stjórn Frjálsíþróttadeildar UMF Selfoss auglýsir eftir starfsmanni



Starfsmaður heyrir undir stjórn Frjálsíþróttadeildar Selfoss og hefur umsjón með daglegum rekstri deildarinnar. Um 15 % starfshlutfall er að ræða. Nánari upplýsingar um frjálsíþróttadeild Selfoss má nálgast á www.selfoss.net

Leitað er að drifandi einstaklingi sem þarf að annast daglegan rekstur deildarinnar.

Hæfniskröfur:

- Þekking, áhugi og reynsla af íþróttastarfi og félagsstarfi, reynsla af frjálsíþróttastarfi er kostur
- Færni í mannlegum samskiptum, jákvæðni og þjónustulund
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Almenn tölvukunnátta
- Geta tjáð sig í riti
- Geta unnið sveigjanlegan vinnutíma

Helstu verkefni og ábyrgð

Viðkomandi þarf að sjá um starfsmannahald, launamál, greiðslu reikninga og hafa umsjón með Sportabler skráningarkerfinu. Eins er gert ráð fyrir aðkomu að viðburðum deildarinnar og fjáröflunum, styrkumsóknum og fréttatöflunum af starfi deildarinnar.

Umsóknarfrestur er til og með 1.október 2025.

Umsókn skal fylgja greinargóð ferilskrá umsækjanda.

Umsóknir sendist á frjalsar@umfs.is

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Öllum umsóknum verður svarað. Stjórn áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum sem berast.

Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst en upphaf starfstíma er samkomulagsatriði milli nýs starfsmanns og stjórnar.

Nánari upplýsingar um starfið veita Hjalti Jón formaður í síma 779-9505

Eitt ár varð að fjörutíu



Helga Þorbergsdóttir, hjúkrunarstjóri í Vík, Baldvina Ýr Hafsteinsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á HSU og Sigurgeir Már Jensson, yfirlæknir í Vík. Mynd: HSU/Harpa Elin Haraldsdóttir.

Helga Þorbergsdóttir hjúkrunarfræðingur og Sigurgeir Már Jensson læknir líta til baka eftir fjóra áratugi á Heilsugæslunni í Vík

Það var árið 1985 sem hjónin Helga Þorbergsdóttir og Sigurgeir Már Jensson hófu störf á Heilsugæslunni í Vík. Upphaflega ætluðu þau að prófa starfið í eitt ár – en nú, 40 árum síðar, eru þau enn í héraðinu og starfið er enn fullt af nýjum áskorunum.

Við settumst niður með Helgu til að fara yfir starfsferilinn þeirra, breytingar á vinnustaðnum og reynsluna af því að vinna saman sem hjón.

Hvað kom til að þið hófuð störf á Vík fyrir 40 árum?

„Þegar Sigurgeir var að ljúka læknanámi var svokölluð héraðsskylda við líði. Í henni fólst að til þess að öðlast lækningaleyfi urðu lækningar að starfa í dreifbýlishéraði í nokkra mánuði. Þetta var gert í tvennum tilgangi. Annars vegar og líklega aðallega til þess að manna dreifbýlishéruð og hins vegar að lækningar fengju reynslu af slíku starfi. Sigurgeir hafði stefnt á sérgrein innan lyflækningasviðs en þegar hann tók héraðsskylduna á Dalvík fann hann að vinna við heilsugæslu höfðaði til hans. Árið 1985 var svo auglýst eftir lækni og hjúkrunarfræðingi við Heilsugæslustöðina í Vík og við ákváðum að slá til og prófa í eitt ár. 40 árum seinna erum við enn að prófa og enn færir hver dagur áhugaverð viðfangsefni.“

Hvernig hefur vinnustaðurinn breyst á þessum árum?

„Þegar við fluttum til Víkur var rekstrafyrirkomulag heilsugæslustöðva þannig að hver stöð var sjálfstæð eining með skýrt landfræðilega afmarkað hérað og stjórn stöðvanna var skipuð af sveitarstjórnunum þeirra hreppa sem stöðin þjónaði. Stjórn og starfsmenn áttu beint samband við ráðuneyti heilbrigðismála um þætti sem sneru að rekstri stöðvanna. Heilsugæslustöðin í Vík þjónaði íbúum Mýrdalshrepps, gamla Austur-Eyjafjallahrepps og hefð var fyrir því að Álfhverningar sæktu þjónustu til Víkur.“

„Nú eru allar heilbrigðisstofnanir á Suðurlandi frá Höfn til Þorlákshafnar sameinaðar undir merkjum HSU og framkvæmdastjórn sameinaðar stofnunar situr á Selfossi. Upp-tökusvæði læknishéraðsins er í stórum dráttum það sama, en það sem áður var rólegt sveithérað með innan við 1000 íbúa er nú einn vinsælasti viðkomustaður ferðamanna, landið iðandi af mannlífi og líklega tugir þúsunda oft á tíðum á svæðinu. Það liggur í hlutarins eðli að álag eykst og útköllum fjölga.“

„Lýðfræðilegir þættir hafa líka breyst með ört vaxandi ferðaþjónustu þannig að meirihluti íbúa í héraðinu er nú af erlendum uppruna. Aukin áhersla á forvarnir og bætt aðgengi að fleiri starfsstéttum innan heilsugæslunnar hefur styrkt starfsemi. Það var mikil framsýni hjá heilbrigðisvirkum á áttunda áratug síðustu aldar að byggja upp heilsugæsluþjónustu um allt landið, með samfelli og öryggisþjónustunni í huga. Að þessari uppbyggingu þarf að hlúa og hana að þróa í takt við þarfir íbúanna og nýjustu þekkingu.“

Hvernig er að vinna saman á sama vinnustað í svona langan tíma?

„Þessi ár í Vík hafa flogið hratt og við finnum afstæði tímans. Okkur finnst ekki svo langt síðan við höfum störf en á sama tíma höfum við lifað miklar breytingar og átt ótrúlega viðburðaríka starfsferla. Okkur lætur vel að vinna saman og við höfum átt því láni að fagna að fá úrvalsfólk til starfa með okkur. Að vera alltaf á vaktinni tilbúin að bregðast við hverju því sem upp kann að koma gerir starfið

að lífsstíl að einhverju leyti. Í vinnunni erum við fagmenn og hamingjusöm hjón heima.“

Hvað hefur verið skemmtilegast við það að vera saman í vinnunni?

„Við njótum þess yfirleitt að vera í félagsskap hvors annars, við erum afar ólík, stöndum þétt saman en þó ekki í skugga hvors annars. Það er styrkur að því í vinnunni að þekkjust svo vel sem við gerum.“

Helga er auk þess að vera hjúkrunarfræðingur með framhaldsmenntun í sjúkraflutningum.

„Við höfum oft fundið það t.d. í bráðum útköllum hversu gott er geta unnið hratt án margra orða og þekkja styrk hvors annars. Við eigum ómælt safn minninga margra afar ánægjulegra og oft húmorískra en við eigum líka margar minningar um hamfarir og mikla sorg, þá er gott að eiga tryggan sálufélaga í úrvinnslunni.“

Er eitthvað sem stendur upp úr hjá ykkur eftir öll þessi ár á heilsugæslunni?

„Þakklæti er líklega það orð sem lýsir best tilfinningum okkar þegar við lítum yfir árin okkar í héraðinu. Það hvar tekið einstaklega vel á móti okkur þegar við komum og hlýja og traust hafa einkennt samskipti.“

Hvað hefur haldið ykkur svona lengi í starfinu?

„Inntak starfa okkar, fólkið sem til okkar leitar og náttúran í allri sinni dýrð spila saman í þessari sínfoníu.“

Þess má einnig geta að Helga Þorbergsdóttir hjúkrunarstjóri HSU í Vík í Mýrdal, var sæmd riddarakrossi á nýársdag 2024 fyrir framlag til heilbrigðisþjónustu og sveitarstjórnar- og félagsstarfa í heimabyggð og er vel að því komin. Þá er gaman að segja frá því að dóttir þeirra Margrét Lilja Sigurgeirsdóttir er starfandi hjúkrunarfræðingur á heilsugæslunni í Vík.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands færir Helgu og Sigurgeiri innilegar hamingjuóskir með þessari merku tímamót. Við þökkum þeim kærlega fyrir ómetanlegt starf og óeingingjarna þjónustu í þágu samfélagsins – og óskum þeim alls hins besta á komandi árum.

Heilbrigðisstofnun
Suðurlands



HSU í Vík í Mýrdal. Mynd: HSU.



Fimm einkasýningar opna á laugardaginn

Listasafn Árnesinga opnar fimm einkasýningar laugardaginn 13. september klukkan 15:00 – verið innilega velkominn.

Listamennirnir eru: Finn-bogi Pétursson með sýninguna Skjálfti, Guðrún Kristjánsdóttir með sýninguna Umritanir, Innsæi-Útsýni, Freyja Eilíf með sýninguna Himnugöt, Piotr Zbierski með sýninguna Stöðugt Völundarhús og Ilana Halperin með sýninguna Líffræði Mars.

Á mörkum tíma

Haustsýningar Listasafns Árnesinga 2025 varpa ljósi á dulda fleti tilverunnar og bjóða okkur að sjá út fyrir það augljósa. Dagsdaglega nýttist klukka til að fylgjast með hreyfingu tímans en mögulegt er að mæta honum af meiri innileika. Það má ganga inn í tímann eins og rými, skynja hann sem titring og skoða spor hans í jarðlögum, líkömum og landslögum.

Skjálfti Finnboga Péturssonar opnar skynfærunum nýja leið að veruleikanum og afhjúpar andlegri viddir þess efnislega með vísindalegri nálgun. Ósýnilegum bylgjum er miðlað í gegnum hljóð, titring og ljós svo það óræða nær upp á stig hins meðvitaða.

Guðrún Kristjánsdóttir stillir sig inn á ferli og krafta náttúrunnar og leyfir þeim að hreyfa við sér. Í listsköpun

Nýr yfirlæknir í Rangárþingi

Bjarni Valtýsson hefur verið ráðinn sem yfirlæknir í Rangárþingi og hóf störf 1. september.

Bjarni lauk námi við lækna-deild HÍ árið 1983 og hlaut sérfræðivíðurkenningu í svæfinga- og gjörgæslulækningum árið 1989. Hann hefur starfað á sjúkrahúsum bæði hér heima og erlendis. Auk þess starfað á einkareknum læknastofum í Reykjavík. Meðfram svæfingum hefur Bjarni unnið við sérhæfða verkjameðferð í áratugi.



Undanfarin ár hefur hann starfað reglulega á heilsugæslunni í Rangárþingi sem heilsugæslulæknir.

Öflugt vetrarstarf Félags eldri borgara á Selfossi að hefjast

Þegar liður að seinni hluta septembermánaðar kemst hreyfing á öflugar nefndir, stjórnir og námskeiðshaldara sem hefja undirbúning að öflugu vetrarstarfi FebSel. Það er stór hópur öflugra einstaklinga sem kemur að vetrarstarfinu ár hvert og verður þeim seint full þökkud sú vinna.

Kynningarfundur vetrarstarfsins verður fimmtudaginn 18. september og hefst hann á léttum kaffiveitingum kl. 14.45 í boði stjórnarinnar. Þegar allir hafa notið veitinganna hefjast kynningar á starfi vetrarins eins og það liggur fyrir. Og af mörgu er að taka að venju.

Myndlist, leiklist, sönglist, tálga, spila, lesa öndvegisbókmenntir, bæði nýjar og fornar.

Leikhúsferðir, gönguferðir, bæði lengri og skemmri. Hreyfifimi af öllum gerðum og styrkleikum og jóga til slökunar. Boccia, snóker og margt annað! Sumarferðir og útilegan Einu sinn á ágústkveldi sem slegið hefur í gegn!

Þátttaka í starfi félagsins er gefandi, að hitta fólk, rabba saman yfir kaffibolla og njóta.

Skráningarlistar munu liggja frammi í Grænumörkinni eða tilkynnt verður um annað skráningarform.



Öflug OPIN HÚS verða á fimmtudögum og munum við þar vera með fræðandi fyrirlestra, skemmtileg innsög, söng og alls kyns uppákomur. Kynningarfundur viðburðastjórnar er fimmtudaginn 26. september. Kvenfélagið mun sjá um veitingarnar í vetur eins og þær gerðu sl. vetur og slógu þær í gegn.

Árshátíð sem jafnframt er tvöföld afmælishátíð verður 6. nóvember í Hótel Selfossi. Félag Eldri borgara á Selfossi er 45 ára og Hörpukórinn 35 ára. Afmælishátíðin verður með öfluga skemmtidagskrá ásamt léttum snúningum.

Aðventuhátíðin verður 4. desember með hátíðlegum söng og nærveru og ljúfum veitingum.

Við vekjum athygli á því að þetta öfluga starf sem við erum með í félagsmiðstöð okkar í Grænumörkinni og víðar er fyrir alla eldri borgara í Árborg.

Skrifstofa félagsins er opin á fimmtudögum frá 13.00 – 14.30 og er á efri hæðinni í Grænumörk. Heimasíðan er febsel.is og þar eru margþættar upplýsingar og einnig er hægt að skrá sig í félagið þar. Einnig er fésbókarsíðan: **Félag eldri borgara á Selfossi** uppfyll af upplýsingum.

Það er öflugt starf framundan og allir velkomnir. Ef einhver hefur áhuga á að brydda upp á nýjum námskeiðum eða er með hugmyndir að einhverju skemmtilegu þá endilega hafa samband við stjórnina.

Við hvetjum alla eldri borgara að skrá sig í Félag Eldri Borgara á Selfossi í gegnum netfangið febsel@febsel.is eða í gegnum heimasíðu febsel.is eða koma við á skrifstofu félagsins á opnunartíma.

Takið þátt í öflugu starfi eldri borgara á Selfossi og njótið ykkar í öflugum félagsskap!

Kveðja,
Magnús J. Magnússon,
formaður Félags eldri borgara á Selfossi

AÐALBÓKARI



FLÓAHREPPUR

Flóahreppur óskar eftir að ráða ábyrgan aðila í starf aðalbókara.

Starfshlutfall getur verið allt að 100% og heyrir starfið undir sveitarstjóra.

Helstu verkefni

- Helstu verkefni og ábyrgðarsvið
- Umsjón og vinna við bókhald sveitarfélagsins
- Afstemmingar, uppgjör, frágangur, gagnavinnsla, upplýsingagjöf og skýrsluskil
- Launavinnsla og aðkoma að jafnlaunavottun
- Aðkoma að áætlanagerð
- Önnur fjölbreytt verkefni í samráði við sveitarstjóra

Flóahreppur er falleg og friðsæl sveit á Suðurlandi sem nær yfir austanverðan Flóann og liggur á milli Þjórsár og Hvítár, rétt utan við Selfoss.

Sveitarfélagið hefur vaxið jafnt og þétt frá sameiningu þriggja hreppa árið 2006 og í dag eru íbúar um 750. Mikill áhugi er á svæðinu og mörg spennandi uppbyggingaverkefni framundan í þessu öfluga og kraftmikla samfélagi.

Umsóknarfrestur er til og með 17. september 2025



Sótt er um starfið á www.mognum.is
Nánari upplýsingar veitir:
Sigríður Ólafsdóttir í sigga@mognum.is



Glæsilegt opnunarteiti á endurbættri vinnustofu félagsins



Það var sannkölluð hátíðarstund þegar Myndlistarfélag Árnessýslu bauð félagsmönnum til opnunarteitis á nýendurbættri vinnustofu félagsins. Mætingin var frábær, stemningin létt og gleðin ríkjandi og ljóst að breytingarnar hafa vakið mikla ánægju meðal félagsmanna.

Ný tækifæri og blómlegt félagsstarf

Vinnustofan er hjarta félagsins og nú þegar hafa hátt í 60 félagsmenn nýtt sér aðstöðuna eftir að hún var opnuð á ný, það er nær helmingur alls félagsins sem telur um 120 félagsmenn. Þetta sýnir svart á hvítu að þörfin fyrir

góða vinnuaðstöðu er mikil.

Stjórn félagsins er afar stolt af framkvæmdunum sem gerðar hafa verið og vilja þakka öllum sem lögðu hönd á plóg. Starfið í vetur verður fjölbreytt. Á þriðjudögum verða opnar vinnustofur þar sem félagsmenn geta hist og skapað saman og á miðvikudögum verða vatnslitahittingar. Auk þess er félagið alltaf opið fyrir nýjum hugmyndum og til í að prófa eitthvað nýtt.

Opið fyrir almenning

Í október hefst nýtt fyrirkomulag: vinnustofan og Gallerí Gangur verða opin fyrir gesti og gangandi á ákveðnum opnunartímum. Þá gefst almenningi tækifæri til að koma inn, skoða sýningar, kynnst félagsstarfinu og ekki síst kaupa list eftir frábæra félagsmenn MFA. Þar má finna mikið af fjölbreyttum og fallegum verkum sem henta jafnt í heimilið sem í gjafir.

Framundan eru stórir viðburðir

Menningarmánuðurinn í október er framundan hjá Sveitarfélaginu Árborg og tekur Myndlistarfélagið virkan þátt nú sem áður og býður upp á marga og fjölbreytta viðburði. Jólmarkaðurinn í desember verður sömuleiðis fastur liður sem enginn vill missa af. 45 ára afmæli félagsins verður haldið hátíðlega á næsta ári með sýningum, viðburðum og fleiri upþákomum.

meira en bara félag, það er samfélag. Þar ríkir samvinna, gleði og skapandi kraftur sem gerir starfið lifandi og litríkara með hverju ári.

Ef þú hefur áhuga á myndlist og langar að taka þátt í þessu öflugra starfi, þá er félagið alltaf opið fyrir nýjum félögum. Það eina sem þarf að gera er að senda póst á: myndlistin@gmail.com.

Félagsskapur og samstaða

Myndlistarfélag Árnessýslu er

Sveitarfélagið Árborg



HJARTANLEGA VELKOMINN Á SÖNGSTUND Í SELFOSSKIRKJU

Sönghópurinn Systralag ásamt
Kirkjukór Selfosskirkju leiða
sönginn undir stjórn Edit Molnár



Ég syng af gleði, syng af hjarta

16. SEPT 2025

KL. 19:30

Ljóð vikunnar

SKUGGAMYNDIR UM KVÖLD

Greinar og lauf runnanna
sjást greinilega í rökkrinu,
það dimmir smám saman, þó að sólin
skíni enn á nokkra glugga handan garðsins.
Mig langar að lýsa þessu með orðum,
en ég kem þeim ekki fyrir mig svo að
ég teikna frekar með blýanti á blað,
og mála með nokkrum pensilstrofum.

Hljóðin frá götunni hafa nú dvínað,
og gamli maðurinn með hundinn
er hvergi sjáanlegur.
Hann þarf ekki lengur að fara út með hundinn.
Í dag sá ég hann ganga einan um stéttina.

Höfundur: Hannie Rouweler, Hollandi
Þór Stefánsson þýddi úr ensku



Margverðlaunaður Slóvakískur kór flytur magnaða tónlist í Skálholti

Sunnudaginn 14. september kl. 16:00 verður einstakur tónlistarviðburður í Skálholtsdómkirkju þegar hinn margverðlaunaði kór Cantica Collegium Musicum frá Slóvakíu kemur fram undir stjórn hins kunna kórstjóra Štefana Sedlickýs. Kórinn, sem hefur sungið víða um heim – allt frá Þýskalandi til Rómar þar sem hann flutti tónlist fyrir páfa Benedikt XVI – flytur fjölbreytta a cappella efnisskrá. Áheyrendur

fá að njóta trúarlegrar og veraldlegrar tónlistar frá ólíkum tímum, eftir bæði slóvakísk og heimsþekkt tónskáld. Kórinn er margverðlaunaður og hefur m.a. unnið gullverðlaun á alþjóðlegum kórakeppnum í Evrópu og víða um heim. Ekki missa af þessu frábæra tækifæri að upplifa hágæða kórtónlist í einstöku umhverfi Skálholtsdómkirkju. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir!

Fyrsti samráðsfundur stjórna íþróttahéraða á Suðurlandi

Fyrsti samráðsfundur stjórna HSK, USVS og ÍBV með svæðisfulltrúum íþróttahreyfingarinnar á Suðurlandi var haldinn í Vestmannaeyjum sl. föstudag. Fulltrúar HSK á fundinum voru Guðríður Aadnegard formaður, Helgi S. Haraldsson varaformaður, Guðmundur Jónasson gjaldkeri og Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri. Segja má að þessi fundur hafi verið sögulegur, en þetta er í fyrsta sinn sem forysta HSK mætir til fundar í Vestmannaeyjum og þetta var einnig fyrsti formlegi fundur HSK með félögum okkar í ÍBV og USVS. Áður hafa verið haldnir netfundir með ÍSÍ og UMFÍ vegna svæðisskrifstofu íþróttahéraða á Suðurlandi, sem hóf starfsemi sína á síðasta ári.

Á fundinum var m.a. rætt um hugsanleg samstarfsverkefni héradanna sem svæðisfulltrúarnir koma til með að fylgja úr hlaði með íþróttahéruðunum þremur. Auk fundarhalds skoðuðu fundarmenn glæsileg íþróttamannvirki Eyjamanna og góðri samverustund lauk með kvöldverði á Einsa Kalda. Að honum loknum var haldið heim með Herjólf. Á heimleiðinni kom upp sú hugmynd að þingfulltrúar héradanna þriggja yrðu samferða á sambandsþing UMFÍ í Stykkishólmi í október og verður þeim skilaboðum komið á framfæri til þingfulltrúa. Þess má geta að þetta verður í fyrsta sinn sem fulltrúar ÍBV mæta á UMFÍ þing, en íþróttabandalagið varð aðili að UMFÍ fyrr á árinu.



Auglýsing um skipulag



Eftirtalдар skipulagstillögur eru auglýstar skv. 31. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillögurnar eru til umsagnar í skipulagsgátt og er hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar þar.

Útvíkkun þéttbýlismarkna Þorlákshafnar - ASKBr
Lögð er fram aðalskipulagsbreyting sem felur í sér útvíkkun þéttbýlismarkna Þorlákshafnar. Breytingin felur í sér að þéttbýlismörk eru stækkuð þannig að þau nái út fyrir iðnaðarsvæði á Víkursandi og fyrir sunnan Suðurstrandarveg.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 2. júní 2025.

Réttarhola Nýtt deiliskipulag
Lagt er fram deiliskipulag fyrir Réttarholu í landi Kröggólfsstaða. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingu allt að 50 m² dæluhúss við borholu á raskaðri lóð, í samræmi við gildandi aðalskipulag Ölfuss 2020-2036 þar sem svæðið er skilgreint sem landbúnaðarland (L1). Skipulagssvæðið nýtist til vatns-töku fyrir seiðaeldisstöð á nálægri lóð og fellur framkvæmdin undir heimila notkun samkvæmt aðalskipulagi.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 28. ágúst 2025.

Laxabraut 5 - Nýtt deiliskipulag
Lagt er fram nýtt deiliskipulag fyrir lóðina Laxabraut 5. Á lóðinni er rekin fiskeldisstöð en stefnt er að stækkun starfseminnar.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 28. ágúst 2025.

Spóavegur 12 og 12a - Sameining lóða, Deiliskipulagsbreyting
Lögð er fram breyting á deiliskipulögunum Spóavegi 12 og Spóavegi 12a. Breytingin felur í sér að gildandi deiliskipulög fyrir lóðirnar eru felld niður en í staðinn er lagt fram eitt sameiginlegt deiliskipulag.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 28. ágúst 2025.

Framkvæmdaleyfi - 2 Vinnsluholur í Hverahlíð - Orkuveita Reykjavíkur
Samþykkt var framkvæmdaleyfi fyrir borun tveggja vinnsluhola á borsvæði í Hverahlíð, Hellisheiði. Umsóknin er í samræmi við 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 4. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um

framkvæmdaleyfi. Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér stækkun núverandi borplana, lítills háttar aðlögun vegslóða, greftri þróar fyrir skolvatn, uppsetningu yfirborðsbúnaðar, tengingu við safnæðastofn og frágang raskaðra svæða. Borplönin eru innan iðnaðarsvæðis Hverahlíðarvirkjunar skv. aðalskipulagi Ölfuss 2020-2036 og gildandi deiliskipulagi frá 2007, sem heimilar allt að 8 borstæði á hverju borsvæði og heildarfjölda allt að 33 hola. Fyrirhuguð framkvæmd var metin í umhverfismati vegna Hverahlíðarvirkjunar og liggur fyrir álit Skipulagsstofnunar um að framkvæmdin sé heimil með tilliti til umhverfisáhrifa skv. lögum nr. 111/2021.

Framkvæmdaleyfið var samþykkt í Bæjarstjórn Ölfuss þann 17. júlí 2025.

Framkvæmdaleyfi - Rannsóknarborhola HR-03-Orkuveita Reykjavíkur
Orkuveita Reykjavíkur sótti um framkvæmdaleyfi vegna borunar rannsóknarholu HR-03 í Hverahlíð, innan borsvæðis B2 samkvæmt gildandi deiliskipulagi. Framkvæmdin felur m.a. í sér gerð borplans, borun holunnar, lagningu aðkomuvegar og veitna, prófanir og frágang. Fram kemur að framkvæmdin er hluti af umhverfismati Hverahlíðarvirkjunar frá árinu 2008 og rúmast innan þeirra marka sem sett eru í því umhverfismati. Framkvæmdin er jafnframt í samræmi við gildandi aðalskipulag og deiliskipulag og umsókn uppfyllir kröfur 7. gr. reglugerðar nr. 772/2012.

Framkvæmdaleyfið var samþykkt í Bæjarstjórn Ölfuss þann 28. ágúst 2025.

Skipulagstillögurnar eru til umsagnar á Skipulagsgáttinni á www.skipulagsgatt.is til og með **23.10.2025**. Til að finna ákveðið mál skal smella á „Leita að máli“ og slá inn nafn málsins í leitarreitinn. Á Skipulagsgáttinni er hægt að:

- Skoða allar upplýsingar og gögn sem tengjast málinu
- Leggja fram athugasemdir
- Lesa þær athugasemdir sem aðrir hafa sent inn

Ef hakað er við „Vakta mál“ á tilteknu máli, fær viðkomandi tilkynningu í tölvupósti í hvert skipti sem breyting verður á málinu.

Þá er einnig hægt að nálgast upplýsingar eða gögn á Bæjarskrifstofu Ölfus, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn, með því að senda fyrirspurn á skipulag@olfus.is eða hafa samband við bæjarskrifstofuna í síma 480 3800.

Sigurður Steinar Ásgeirsson
Skrifstofu- og verkefnastjóri
Umhverfis- og framkvæmdasvið

Vakin er athygli á að samkvæmt 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 73/2020 og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 160/2010, má kæra ákvarðanir sveitarstjórnar um samþykkt aðalskipulagsbreytinga og deiliskipulagsáætlana til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Um kærufrest fer samkvæmt 3. mgr. 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þar sem kveðið er á um fjögurra vikna kærufrest frá birtingu ákvörðunar í B-deild Stjórnartíðinda. Ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 2. mgr. 14. gr. sömu laga og 5. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, er sjálfstætt kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Kærufrestur vegna slíkrar ákvörðunar er einn mánuður, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Um meðferð kærumála gilda ákvæði laga nr. 130/2011, reglugerðar nr. 1300/2011 um málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, auk ákvæða stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, einkum um kæruheimild, sbr. 26. gr., andmælarétt, sbr. 13. gr., og rannsóknarreglu, sbr. 10. gr. stjórnarsýslulaga. Kæru skal beint til úrskurðarnefndarinnar að Borgartúni 21, 105 Reykjavík, eða með rafrænum hætti í gegnum kærugátt Stjórnarráðs Íslands á www.stjornarradid.is

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14

Opið hús

Þriðjudagur kl. 11-13

Upprekjur

Þriðjudagur kl. 14:-16

Unga fólk

Miðvikudagur kl. 11-14

Opið hús

Fimmtudagar lokað

Viðburðir auglýstir sérstaklega á Brosiðunni

Föstudagur kl. 11-13

Opið hús

Fyrsta þriðjudag í mánuði
Karlahópurinn Smáranir kl. 18
Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.net

Facebook: Krabbameinsfélag
Arnessyslu/Brosið/Smáranir

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl.
20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa kro-
kus. Poniedziałek i czwartek i
sobota godzina 19:00. Hrísholt
8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi
1, Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri
hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

HEILSA

Heilsa

Mörg heilsuvandamál stafa af
óhollu matarræði, skorti á
hreyfingu og neikvæðu
hugarfari.

Ég býð núna upp á stutt
námskeið fyrir einstaklinga,
fjölskyldur og litla hópa um
bætta heilsu með gönguferðum
eða öðrum æfingum, með hollu
og einföldu matarræði og
aðferðum til að minka stress og
áhyggjur.

Er einnig með augnlestur sem
getur sagt margt um stöðu
heilsunnar; líkamlega og
andlega. Er líka með
svæðanudd, nudd og dáleiðslu.
Heiðar Ragnarsson s. 898 1501
sms eða símtöl (ef ég næ ekki
að svara, sendið þá sms).



Við prentum
ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Aukin þyngd í orkuskiptunum

Það voru sannkallaðir stuðdag-
ar í Vík í Mýrdal sl. þriðjudag
og miðvikudag, 2. og 3. septem-
ber, þegar feðgarnir Auðbert Vig-
fússon og Vigfús Páll tóku á móti
sínnum fyrsta rafmagnsvörubíl.
Feðgarnir fögnuðu sameigin-
legu afmæli sínu 2. september
með stæl – með tveimur nýjum
trukkum í einu, rafmagnsbíl og
átta hjóla dísilbíl.

En rafmagnstrukkurinn er
ekki bara gleðigjafi feðganna
heldur líka tákni um nýja tíma í
flutningum. Til að halda honum
gangandi með stanslausu stuði
var á miðvikudaginn opnað fyrir
glæsilega 200 kW hraðhleðslu-
stöð á lóð flutningafyrirtækis
feðgana í samstarfi við Orku-
söluna.

„Við erum ótrúlega ánægðir
með þetta samstarf við Orkusöl-
una,“ segir Vigfús Páll. „Stöðin
tryggir að við getum notað raf-
magnsvörubílinn af fullum krafti

daglega, og svo geta ferðamenn
líka stoppað í Vík, stungið í sam-
band og haldið áfram ferðinni.
Þetta er risaskref fyrir okkur og
samfélagið hér.“

Langdrægari þungaflutn-
ingar en áður hefur sést

Rafmagnsbíllinn er af gerðinni
Mercedes-Benz, með 600 kíló-
vattstunda rafhlöðum sem duga
honum allt að 500 kílómetra í
fullum þunga. Það þýðir að feðg-
arnir geta keyrt með 40 tonn á
rafmagni – án tilheyrandi meng-
unar eða hávaða.

„Það er algjör lúxus að keyra
bíl sem hvorki lætur í sér heyrna
né krefst gírskiptinga,“ segir Vig-
fús og brosir. „Ótrúlega þýður og
þægilegur, og það með 40 tonn í
eftirdragi!“

Hleðslustöðin staðsett
hliðin á Smiðjunni

Hleðslustöðin stendur við hliðina
á Smiðjunni, veitingastað og
brugghúsi, sem allir sem stoppa í
Vík ættu að prófa. Þar geta ferða-
langar fengið sér afbragðs borg-
ara og svalandi drykk á meðan



bíllinn fær sitt rafmagnsstuð.

Steinþór Freyr Steinþórsson
sérfræðingur í hleðslulausnum
hjá Orkusölunni segir að verk-
efnið í Vík sé frábær áfangi í
orkuskiptunum: „Það er heiður
að vera hluti af þessum fyrstu
skrefum í orkuskiptum fyrir
þungaflutninga og Orkusalan er
stolt af þátttöku sinni í því. Það er
líka ótrúlega gefandi að fá tæki-
færi á að vinna með svona fram-
sæknu fólki eins og þeir feðgar
eru.“

KIRKJUR

Selfosskirkja

Gul messa sunnudaginn 14.
september kl. 11:00. Í tilefni af
gulum september verður þema
messunnar geðrækt og það
hvernig við hlúum að okkur
sjálfum og öðrum. Kirkjukórinn
syngur, organisti Edít A. Molnár,
prestur Guðbjörg Arnardóttir.
Sunnudagaskóli á sama tíma kl.
11:00, umsjón Sjöfn
Þórarinsdóttir ásamt leiðtogum,
gult þema fyrir þau sem vilja.
Morgunbænir miðviku- og
fimmtudaga kl. 10:00 og kaffi-
sopi á eftir.
Foreldrasamvera miðvikudaga
kl. 11:00.

Söngstund ásamt sönghópnum
Systralag 16. september kl.
19:30.

Nánari upplýsingar inn á selfos-
skirkja.is

Stokkseyrarkirkja

Djassmessa í Stokkseyrarkirkju
sunnudaginn 14. september kl.
20. Strandartríóið - Stefán I.
Þórhallsson, Viktor Steinarsson
og Pétur Núi Stefánsson spila
og Kammerkórinn leiðir söng-
inn». Prestur Guðbjörg
Arnardóttir.

Skálholtsdómkirkja

Messa kl 11 sunnudaginn 14.
september. Á duggi diakóniunnar
þjóna Bergþóra Ragnarsdóttir
djákni og sr. Solveig Lára
Guðmundsdóttir. Jón Bjarnason
dómorgandi leiur á flygil og
orgel og leiðir safnaðarsöng.
Innilega velkomin.
Kærar þakkir!

Þorláksskirkja

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14:00.
Frú Guðrún Karls Helgudóttir
biskup Íslands prédikar. Sr.
Sigríður Munda Jónsdóttir þjón-
ar fyrir altari. Kór Þorlaks- og
Hjallasóknar syngur undir stjórn
Esterar Ólafsdóttur organista.
Sigrúður Harðardóttir og
Hjörleifur Brynjólfsson lesa ritn-
ingarlestra. Ásta Pálmadóttir er
kirkjuvörður og meðhjálpari.
Kaffiveitingar verða að athöfn
lokinni í Ráðhúsinu. Verum öll
velkomin

Jólagagið í Pretty Woman nýjasta
föstudagsábreiðan

Hljómsveitin Hr. Eydís og
Herna Hrönn hafa nú gefið
út nýja föstudagsábreiðu. Að
þessu sinni taka þau fyrir eitt
þekktasta lag kvikmyndarinnar
Pretty Woman, lagið It Must
Have Been Love með Roxette.

Lagið á sér áhugaverða sögu.
Það kom fyrst út árið 1987 sem
jólagag undir heitinu It Must
Have Been Love (Christmas For
The Broken Hearted) og náði
strax miklum vinsældum í Sví-
þjóð. Þegar Roxette var síðar
beðið um að semja lag fyrir
kvikmyndina Pretty Woman
árið 1990 var dúóið önnum
kafið og sáu þau ekki fram á að
semja nýtt lag frá grunni. Því
var ákveðið að endurnýta gamla
jólagagið, breyta textanum lítil-
lega og setja það í myndina. Út-

koman varð risasmellur sem
naut gífurlegra vinsælda um
allan heim.

„Ég var alltaf mjög hrifinn af
Roxette á sínum tíma, enda voru
þau sænsk og ég að stórum hluta
sleit barnsskónum mínum í Sví-
þjóð. Maður tengdi því vel við
þetta, Per Gessle söngvari hafði
líka verið söngvari í vinsælustu
sænsku hljómsveitinni, Gyllene
tider, sem var gríðarlega heit
í Svíþjóð þegar ég var krakki
svo þetta var borðleggjandi að
myndi hitta í mark hjá mér,“
segir Örlygur Smári söngvari og
gítarleikari Hr. Eydís.

Hægt er að hlusta á nýja
lagið inni á Youtube-rás hljóm-
sveitarinnar: <https://youtu.be/Ockesi1JL6A>



Gunnhildur Þórunn Jónsdóttir er sveitarlistamaður Rangárþings eystra 2025

Markaðs- og menningarnefnd Rangárþings eystra hefur valið Gunnhildi Þórunni Jónsdóttur, listmálara, sem sveitarlistamann Rangárþings eystra árið 2025. Margar góðar tilnefningar bárust frá íbúum og þakkar nefndin fyrir frábæra þátttöku.

Gunnhildur er fædd og uppalin í Rangárþingi eystra og hefur getið sér gott orðspor sem listamaður, bæði hér heima og erlendis. Hún malar aðallega hesta og sauðfé, en landslagsmyndir hennar eru einnig vinsælar. Listaverk eftir Gunnhildi prýða heimili margra landsmanna, sérstaklega hestamanna, en hún hefur meðal annars málað verðlaunaplatta fyrir hestamót og listaverk fyrir sýningar, svo sem á Degi sauðkindarinnar. Hún hefur einnig tekið þátt í ýmsum samsýningum og haldið einkasýningar.

Gunnhildur tekur einnig að sér að mála eftir pöntun og er eftirspurnin slík að hún hefur þurft að loka fyrir pantanir með

góðum fyrirvara fyrir hver jól.

Það var samhljóða álit nefndarinnar að Gunnhildur Þórunn væri vel að þessum titli komin.

Sveitarfélagið óskar henni innilega til hamingju með viðurkenninguna.



Christiane Bahner, formaður Markaðs- og menningarnefndar, Gunnhildur Þórunn Jónsdóttir og Sigurmundur Páll Jónsson, markaðs- og kynningarfulltrúi. Mynd: Rangárþing eystra.

Réttað í nýjum Klausturhólaréttum

Núna um helgina var réttað í Klausturhólaréttum í fyrsta skipti eftir endurbyggingu. Framkvæmdir hafa staðið yfir í sumar við að rífa gömlu steinsteypu réttina, sem byggð var árið 1956, og byggja nýja glæsilega rétt úr timbri. Framkvæmdin þykir einstaklega vel heppnuð, en það voru votir en kátir smalar sem smöluðu í fyrsta skipti inn í réttina eftir smalamennsku helgarinnar.

Sóknarpresturinn séra Kristín Þórunn Tómasdóttir mætti og blessaði réttina áður en rekið var inn, og var smölum ásamt gestum og gangandi boðið upp á kaffi, köku og kræsingar í boði Grímsnes- og Grafningshrepps og fjallskilanefndar.

Jarðvinnu vegna réttanna annaðist JÞ Verk ehf., en Smiðsholt ehf. sá um byggingu réttanna. Er þeim færðar bestu þakkar fyrir vel unnið verk.



Drónamynd af Klausturhólaréttum.

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Flóahreppur og Grímsnes- og Grafningshreppur



Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga aðalskipulagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlunar:

1. Villingavatn L170831; Nytjaskógrækt og landgræðsla; Aðalskipulagsbreyting - 2505090

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps dags. 3. sept. 2025 var samþykkt að kynna breytingu aðalskipulags sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps innan jarðar Villingavatns L170831. Með breytingunni verður sett inn nýtt skógræktar- og landgræðslusvæði á Villingavatni og heimiluð skógrækt á tæplega 1400 ha svæði. Markmið framkvæmdarinnar er að rækta skóg sem skapar timburnytjar og græðir upp raskað land.

Samkvæmt 41. gr. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana og deiliskipulagsbreytinga:

2. Minni-Borg lóð B L198597; Breytt stærð húsa; Skilmálabreyting; Deiliskipulagsbreyting - 2507064

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps dags. 20. ágúst 2025 var samþykkt að auglýsa breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Minni-Borgar lóðar B L198597 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Í breytingunni felst að byggingarheimildir á lóðum 5-26 aukast.

3. Merkurlaut 1 L193162; Axarhólsbraut 3; Deiliskipulag - 2507020

Á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps dags. 19. ágúst 2025 var samþykkt að auglýsa nýtt deiliskipulag sem tekur til Merkurlautar 1 L193162 í Flóahreppi. Í deiliskipulaginu felst afmörkun þriggja nýrra frístundalóða úr Merkurlaut 1 þ.e. Axarhólsbraut 2, 3 og 5. Byggingarreitir eru skilgreindir innan lóðanna þar sem heimilt verður að byggja frístundahús með bílskúr, gestahús og geymslu.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar vegna eftirfarandi mála:

4. Suðurbakki 13, 15 og 17, Ásgarði; Úr landbúnaðarsvæði í frístundabyggð; Aðalskipulagsbreyting - 2508048

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps dags. 3. september 2025 var samþykkt að auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps. Lóðirnar Suðurbakki 13, 15 og 17 voru innan frístundabyggðar í eldra aðalskipulagi og eru skráðar sem frístundalóðir. Í gildi er deiliskipulag fyrir frístundabyggðina

frá því í mars 2005 og þar eru lóðirnar frístundalóðir. Í gildandi aðalskipulagi eru lóðirnar á landbúnaðarsvæði L2. Í breyttu skipulagi verða þær hluti af frístundabyggðinni F25. Um er að ræða leiðréttingu á landnotkun þar sem lóðirnar eru rangt skilgreindar í gildandi skipulagi.

5. Krókur L219678 Grafningi; Breytt afmörkun Landbúnaðarlands og óbyggðs svæðis; Aðalskipulagsbreyting - 2508047

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps dags. 3. september 2025 var samþykkt að auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps. Svæðið sem breytingin nær til er land Króks L219678. Í gildandi aðalskipulagi er bæjartorfa Króks og næsta nágrenni skilgreind sem óbyggt svæði. Í eldra aðalskipulagi var svæðið skilgreint sem landbúnaðarland og þar er nú unnið að endurbyggingu íbúðarhúss. Með breytingunni er landnotkun leiðrétt og verður landbúnaðarsvæði.

6. Heiðargerði 9-18; Athafnasvæði; Deiliskipulag - 2412025

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að taka auglýsingu úr birtingu og fellur frá fyrri bókun um auglýsingu ofangreinds deiliskipulags þar sem það var auglýst dagana 09.01.2025-21.02.2025.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/.

Mál 1 innan auglýsingar er skipulagsmál í kynningu frá 11. september 2025 með athugasemdarfresti til og með 3. október 2025.

Mál 2 – 3 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 11. september 2025 með athugasemdarfresti til og með 24. október 2025.

Mál 4 – 5 innan auglýsingar eru tilkynningar um niðurstöðu sveitarstjórnar vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi.

Mál 6 innan auglýsingar er leiðrétt auglýsing sem er hér með talið lokið.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is.

Fyrirspurnir má senda á netfang UTU skipulag@utu.is.

Sigríður Kristjánsdóttir
Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita

Framkvæmdir hefjast við sundlaug í Reykholti

Föstudaginn 5. september var ritað undir samning Bláskógabyggðar við Norðanmenn ehf, Flúðaverktaka ehf og Rörið ehf um endurnýjun útisvæðis sundlaugarinnar í Reykholti. Framkvæmdir hefjast þriðjudaginn 16. september og skal þeim lokið 1. september 2026. Verkið tekur til jarðvinnu, upp-

steypu, lagna-, loftræsti- og raf-lagnakerfa og alls frágangs að utan og innan. Framkvæmda-svæðið verður afmarkað á næstu dögum. Síðasti opnunar-dagur sundlaugarinnar verður fimmtudaginn 11. september, en íþróttahús og æfingasalur verða að mestu opin á meðan á framkvæmdum stendur.



Fulltrúar Bláskógabyggðar og verktaka. Mynd: Bláskógabyggð.

Stíflupjónusta Sævars Selfossi
Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com
YFIR 20 ÁRA REYNSLA

Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is



- Stíflulosanir
- Lagnamyndun / Ástandsskoðanir
- Sónum út Lagnir
- Lagnafóðrun
- Rotþrær
- Fitugildrur
- Sandgildrur
- Skólpheinsistöðvar
- Holræsaheinsun

ÁRATUGA REYNSLA
OG SÉRÞEKKING
Á FRÁVEITUMÁLUM

VIÐ ÞJÓNUSTUM

EINSTAKLINGA
FYRIRTEKI
HÚSFÉLÖG
SVEITAFÉLÖG



510-1180 / 669-8441

TAXI SELFOSSI
SÍMI 482 3800

HJÓLA-STÓLABÍLL
SÍMI 777 5422

Áreiðanlegir pípulagningaverktakar

NÝLAGNIR - HITAKERFI
FRÁRENNSLI - VIÐGERÐIR

Sími 769 0001
lagnaland@lagnaland.is

ÖKUKENNSLA Á SUÐURLANDI

897-4693
Arnifj@gmail.com

UTIADAKA.IS
"Með þér alla leið"

LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsníði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

BRAC AF VINÁTTU!

Fæst hjá BYKO Selfossi

LÖGGILTUR HÚSASMÍÐAMEISTARI

NÝSMÍÐI
VIÐHALD
BREYTINGAR

S: 692-2575
800 SMÍÐI EHF.

KARL S:692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM

PÚLSINN
Raf & kælipjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★
Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyrn.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

Sprettur ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

FRÁRENNSLI
GEFUM GÖMLUM LÖGNUM NYTT LÍF

Myndum og staðsetjum lagnir
Stíflulosun og rótarhreinsun
15 ára reynsla

Sími 571 0300
frarennsl@gmail.com

FÁÐU TILBOÐ Í PINN PALL

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

WWW.SOLPALLUR.IS

SÓLPALLUR
Fagmennska - Gæði - Áreiðanleiki